

3.3. Aðalfjallvegir.**3.3.4. Sprengisandsleið:**

Í stað orðanna í fyrstu mgr. „hjá Haldi, Búðaháls“ komi: hjá Sigöldu, vestan Þórisvatns um brú á Köldukvísl.

Eftir 2. mgr. komi ný málsgrein:

Álma norðan Fjórðungsvatns um Laugarfell yfir Brú á Jökulsá eystri á Austari-Bug á Vesturdalsveg (D 28) hjá Litlu-Hlíð.

Samgönguráðuneytið, 30. apríl 1971.

Ingólfur Jónsson.

Brynjólfur Ingólfsson.

19. maí 1971.

Nr. 61.

BRÁÐABIRGÐALÖG

um breyting á lögum nr. 30 28. apríl 1966, um meðferð, skoðun og mat á sláturafurðum.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Landbúnaðarráðherra hefur tjáð mér, að heimild ráðherra til að leyfa slátrun í ólöggiltum sláturhúsum sé ekki lengur fyrir hendi, samkv. lögum nr. 30/1966. Á undanförunum árum hafi verið unnið að byggingu nýrra sláturhúsa, og hafi mikið áunnizt í því efni. Hins vegar þurfi enn um sinn að leyfa slátrun í ólöggiltum sláturhúsum, þar sem yfirdýralæknir eða héraðsdýralæknir telja, að slátrun og meðferð sláturafurða geti tekizt á viðunandi hátt, og beri því brýna nauðsyn til að framlengja heimild ráðherra til að leyfa slátrun í þessum sláturhúsum.

Fyrir því eru hér með sett bráðabirgðalög, samkvæmt 28. gr. stjórnarskrárinnar á þessa leið:

1. gr.

2. mgr. 2. gr. laganna orðist svo:

Ráðherra getur þó, þar sem brýn nauðsyn krefur, leyft slátrun til eins árs í senn í sláturhúsum, sem ekki eru svo úr garði gerð, að löggilding geti farið fram á þeim, ef yfirdýralæknir, eða hlutaðeigandi héraðsdýralæknir telja, að slátrun og meðferð sláturafurða geti tekizt þar á viðunandi hátt. Undanþágu má þó ekki veita nema til ársloka 1973.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 19. maí 1971.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Ingólfur Jónsson.